

Tillögur Eypings að áhersluverkefnum 2019

Dags: 11. júní 2019

Verkefni 11	Uppbygging Hríseyjar sem ferðamannastaðar
Markmið (SMART)	<p><i>Verkefnið er tvíþætt, en snýst í báðum atriðum um að efla Hrísey sem ferðamannastað. Í öðrum hluta verkefnisins er lagt upp með að Ferðamálafélagi Hríseyjar verði gert kleift að ráða í hlutastarf ferðamálafulltrúa Hríseyjar til sex mánaða. Staðan er hugsuð sem sérstakt átak í eflingu ferðamennsku í Hrísey, bæði til að vinna að framgangi eldri hugmynda sem og undirbúningi nýrra verkefna. Að þessu tímabili loknu verður árangur metin með tilliti til hvort framhald verður á.</i></p> <p><i>Í hinum hluta verkefnisins er sótt um styrk til þess að vinna að greiningu á raunhæfni möguleika fyrir uppbyggingu 20-40 herbergja hótels í Hrísey. Í stórum dráttum felst verkefnið í þarfagreiningu, staðarvali, frumhönnun og samantekt. Verkefnið yrði leitt af áðurnefndum ferðamálafulltrúa og unnið í samstarfi Akureyrarstofu, AFE og KEAHOTEL ehf. Báðum hlutum verkefnisins yrði lokið á þessu ári.</i></p>
Stutt verkefnalýsing	<p>Verkefnið er tvíþætt, en snýst í báðum atriðum um að efla Hrísey sem ferðamannastað. Hrísey hefur upp á margt að bjóða fyrir ferðamenn og gesti. Náttúrufrægur, kyrr og ró er hennar helsta aðdráttarafl og íbúar Hríseyjar vilja að eyjan sé markaðssett með það að leiðarljósi. Hrísey er í verkefni Byggðastofnunar, Brothættum byggðum, og á íbúafundum í tengslum við það verkefni hefur ítrekað komið fram vilji íbúa til áframhaldandi uppbyggingar ferðaþjónustu sem byggir á hinni hreinu, grænu og rólegu ímynd Hríseyjar.</p> <p>Það sem einna helst hefur skort upp á til þess að Hrísey geti dafnað sem viðkomustaður ferðamanna er gistirými fyrir hópa. Einungis er í boði gisting í minna húsnæði í misjöfnum gæðum. Í Hrísey er ágætis aðstaða til fundarhalda, námskeiðshalds og hópeflingar ýmiskonar og myndi uppbygging hótels leiða til þess að sú aðstaða yrði betur nýtt.</p> <p>Í fyrri hluta verkefnisins er lagt upp með að Ferðamálafélag Hríseyjar ráði verði í stöðu ferðamálafulltrúa Hríseyjar til sex mánaða. Staðan er hugsuð sem sérstakt átak í eflingu grasrótarinnar í ferðamennsku í Hrísey þar sem viðkomandi myndi bæði vinna að framkvæmd eldri hugmynda til eflingu ferðaþjónustu í eyinni sem og koma að undirbúningi nýrra kosta til framtíðaruppbyggingar. Starfið er hugsuð sem fullt starf í þessa sex mánuði, með möguleika á framlengingu.</p> <p>Í öðru lagi er sótt um styrk til þess að vinna að greiningu á raunhæfni möguleika fyrir uppbyggingu hótels í Hrísey. Í stórum dráttum felst verkefnið í þarfagreiningu, staðarvali, frumhönnun og samantekt. Verkefnið yrði unnið í samstarfi Akureyrarstofu, AFE og KEAHOTEL ehf.</p>
Framkvæmdaaðili	Ferðamálafélag Hríseyjar, AFE og Akureyrarstofa
Samstarfsaðilar	Ferðamálafélag Hríseyjar og KEAHOTEL ehf.
Tengsl við sóknar-áætlun 2015-2019	Verkefnið styður vel við 6. meiginmarkmið sóknaráætlunar og öll undimarkmið: 6.1. Kortleggja auðlindir og meta þörf fyrir uppbyggingu.

	<p>6.2. Byggja upp innviði í landshlutanum sem snúa að ferðþjónustu, þ.á.m. samgöngur og aðgengi að náttúruperlum.</p> <p>6.3. Efla samstarf og sameiginlega markaðssetningu.</p> <p>6.4. Auka gæðin í ferðþjónustunni.</p> <p>6.5. Styðja við og hvetja til vöruþróunar og nýsköpunar í ferðþjónustu á svæðinu.</p>
Árangursmælikvarði/ar	<p>Tilgangur verkefnisins er að efla og festa í sessi ferðþjónustu sem framtíðaratvinnugrein í Hrísey. Verkefnið er tvíþætt og báðir nátengdir þar sem gert er ráð fyrir að ferðamálafulltrúi taki þátt í undirbúningi hótelvefnefnisins og vinni við að undirbúa alla innviði í eygni fyrir það verkefni. Þannig ætti að nást hámarksnýting á öllum öðrum innviðum ferðþjónustu í Hrísey.</p> <p>Umsækjandi er þeirrar skoðunar að náttúrufegurð og sérstaða Hríseyjar sé einstök og að möguleikar til stórefla ferðamennsku í eygni séu miklir. Árangur verkefnisins verður mældur með auknu framboð af gistirými sem er í raun undirstaða fyrir alla eflingu ferðamennsku í eygni.</p>
Lokafurð	Lokaskýrsla og samantekt yrði unnin af undirbúningshópnum í nóvember og desember. Hótelskýrslunni er ætlað að vekja áhuga fjárfesta og hótélrekenda á byggingu og rekstri hótels í Hrísey.
Tímarammi	Júlí – desember 2019
Heildarkostnaður	Kr. 9.500.000
Framlag úr sóknaráætlun 2019	Kr. 5.500.000